



Minnisblað

24.10.2018

Tilfni

Hagræðingaraðgerðir 2019

Höfundur

Skipulag/Leiðakerfi hjá Strætó bs.


Inngangur


Vegna óskar eigenda Strætó bs. um hagræðingaraðgerðir í leiðakerfinu sem nemur 95 milljónum kr. fyrir árið 2019, verða hér að neðan nefnd dæmi um mögulegar hagræðingaraðgerðir í leiðakerfinu sem hægt væri að koma til framkvæmdar árið 2019.

Sumartíðni

Leiðir 18, 24 og 28 fari á minni tíðni yfir sumarið

Einn möguleiki á hagræðingu á næsta ári er að setja einhverjar leiðir aftur á sumarátætlun og er þá mælt með að það væru leiðir 18, 24 og 28 þar sem farþegafjöldinn minnkaði mest á leiðum 24 og 28 á milli veturs (febrúar-apríl) og sumars (júní-ágúst) 2018 og leiðir 18 og 28 voru með fæsta farþega á hvern ekinn km sumarið 2018.





Breytingin myndi minnka kostnað um u.þ.b. **47 m.kr.** á ári. Innlegg frá mannauðsstjóra varðandi sumarátætlun: *Með óbreyttri áætlun er gert ráð fyrir að ráða þurfi í 50 stöðugildi yfir sumartímam til þess að leysa fasta starfsmenn af í sumarorlofi. Með þessum tillögum breytist sú staða ekki mikið þar sem einungis ein leið er í akstri hjá Strætó, hinar tvær eru hjá verktökum. Þannig að áfram verður töluverð mannaflapörf fyrir sumarið en gæti þó minnkað um 3-4 stöðugildi. Þessi breyting myndi þó fela í sér neikvæð áhrif á farþega þeirra leiða sem um ræðir auk þess sem aftur þyrfti að byrja að framkvæma leiðakerfisbreytingar á höfuðborgarsvæðinu í byrjun og lok sumars og felur það í sér ákveðna vinnu innanhúss hjá Strætó sem hægt væri að komast hjá með því að hafa ekki sérstaka sumarátætlun. Þessi vinna er svipað mikil sama hversu margar leiðir um ræðir.*


Allar leiðir aftur á minni tíðni um sumarið

Annar möguleiki á sparnaði væri að láta allar leiðir sem áður voru á minni tíðni um sumarið fara aftur á minni tíðni sumarið 2019. Við þá breytingu myndi kostnaður minnka um u.þ.b. **145 m.kr.** á ári.


Akstur á kvöldin

Hætta akstri einum hring fyrr á sunnudagskvöldum á hluta leiða

Önnur möguleg sparnaðaraðgerð er að stytta akstur á sunnudagskvöldum á hluta leiða þar sem síðasti klukkutími aksturs er minnst nýttur á sunnudagskvöldum.



Fjöldi innstiga kl. 24 – 01 eftir vikudögum, 7. jan. – 4. okt. 2018.



Innstig á sunnudögum skipt eftir tíma dags.



Hætta akstri fyrir á sunnudagskvöldum:	Ferð hefst:	Ferð lýkur:	Sparnaður:	Pá myndi síðasta ferð hefjast:	
Leið 1	Í átt að Klukkuvöllum	00:13:00	00:58:00	00:45:00	23:43
Leið 1	Í átt að Hlemmi	00:05:00	00:52:00	00:47:00	23:35
Leið 2	Í átt að Mjódd	00:03:00	00:45:00	00:42:00	23:33
Leið 2	Í átt að Hlemmi	23:52:00	00:33:00	00:41:00	23:22
Leið 3	Í átt að Mjódd (endar í Suðurfelli)	23:54:00	00:47:00	00:53:00	23:24
Leið 3	Í átt að Hlemmi	00:21:00	00:41:00	00:20:00	23:51
Leið 4	Í átt að Mjódd	23:48:00	00:47:00	00:59:00	23:18
Leið 4	Í átt að Hlemmi (frá Mjódd)	00:21:00	00:50:00	00:29:00	23:51
Leið 5	Í átt að Norðlingaholti	00:06:00	00:48:00	00:42:00	23:36
Leið 5	Í átt að Nauthól	00:14:00	00:55:00	00:41:00	23:44
Leið 6	Í átt að Spöng	00:07:00	00:46:00	00:39:00	23:37
Leið 6	Í átt að Hlemmi	23:49:00	00:24:00	00:35:00	23:19
Leið 7	Í átt að Tungubökkum	23:48:00	00:13:00	00:25:00	23:18
Leið 7	Í átt að Spöng	23:45:00	00:10:00	00:25:00	23:15
Leið 11	Í átt að Seltj.	00:22:00	00:58:00	00:36:00	23:52
Leið 11	Í átt að Mjódd	00:23:00	01:01:00	00:38:00	23:53
Leið 12	Í átt að Breiðhófða	23:50:00	24:37:00	00:47:00	23:20
Leið 15	Í átt að Flyðrugranda	00:15:00	01:00:00	00:45:00	23:45
Leið 15	Í átt að Reykjavegi	00:01:00	00:49:00	00:48:00	23:31
Leið 18	Í átt að Hlemmi	00:04:00	00:49:00	00:45:00	23:34
Leið 18	Í átt að Spöng	00:16:00	01:01:00	00:45:00	23:46
Leið 28	Sleppa Dalabing -> Hamraborg	00:05:00	00:31:00	00:26:00	23:35
				14:33:00	

Ferðir sem myndu hætta á sunnudagskvöldum skv. tillögu

Í heildina myndu sparast rúmlega 14,5 klst. í akstri á viku. Sparnaður yrði þ.a.l. að minnsta kosti **10,5 m.kr. ári.**

Leið 2 hætti akstri einum hring fyrir öll kvöld

Einnig er mögulegt að hætta akstri einum hring fyrir á leiðum 2 og 15 sem eru í dag minnst nýttar milli kl. 24 – 01 á kvöldin. Leið 2 er lang minnst nýtt á síðasta klukkutímanum. Öll kvöld eru færri en 10 innstig milli kl. 24 – 01, að meðaltali eru 7 innstig á þessari klst.

Með því að sleppa síðasta hringnum á leið 2 öll kvöld myndi sparast um **7 m.kr. á ári.**

Leiðir 2 og 15 hætti akstri einum hring fyrir öll kvöld



Á leið 15 eru að meðaltali um 9 innstig milli kl. 24 – 01. Með því að sleppa síðasta hringnum á leiðum 2 og 15 myndu sparast tæplega **15 m.kr. á ári.**

Naturakstur


Hætta akstri næturleiðar 111 og breyta leiðum 101 og 106

Hér er lagt til að hætta akstri næturleiðar 111 sem er fámennasta næturleiðin (sjá töflu), eða með 1,685 farþega frá janúar til september 2018 miðað við t.d. 5,372 farþega á leið 101. Einnig er lagt til að breyta akstursleiðum leiða 101 og 106 sem felur í sér smávægis hagræðingu og sparar einn vagn á leið 106.


Næturl leiðir	Heildarfarþegafjöldi jan til sept 2018
Leið 101	5,372
Leið 102	2,064
Leið 103	3,950
Leið 105	3,036
Leið 106	3,801
Leið 111	1,685



Tillaga að breytingu á akstursleið næturl leiðar 101. Til vinstri: Núverandi akstursleið. Til hægri: Breytt akstursleið. Leið 101 mun þá hefja akstur á Lækjartorgi í stað Hlemms og aka beinni leið úr miðbænum.



Tillaga að breytingu á akstursleið næturl leiðar 106 (fyrri hluti). Til vinstri: Núverandi akstursleið. Til hægri: Breytt akstursleið. Leið 106 mun þá hefja akstur á Lækjartorgi í stað Hlemms og aka beinni leið úr miðbænum.



Tillaga að breytingu á akstursleið næturléiðar 106 (seinni hluti). Til vinstri: Núverandi akstursleið. Til hægri: Breytt akstursleið. Leið 106 mun þá ekki aka inn að Spöng og hún mun sleppa króknum Bakkastaði/Barðastaði.

Þessar breytingar myndu minnka kostnað um **3-4 m.kr.** á ári.

Hætta akstri næturléiða 102 og 111 og breyta leiðum 101, 105 og 106


Annar möguleiki væri að hætta akstri næturléiða 102 og 111 sem eru tvær fámennustu næturléiðirnar. Eins og í fyrri tillögu er einnig lagt til að breyta akstursleiðum leiða 101 og 106 sem sparar einn vagn á leið 106. Þessi breyting myndi minnka kostnað um u.þ.b. **7 m.kr.** á ári.

Hætta alfarið með næturalakstur

Þar sem næturalakstur byrjaði einungis fyrir nokkrum mánuðum og farþegafjöldinn hefur farið hægt vaxandi síðan þá, þá er mælt með að halda honum áfram a.m.k. á sterkustu leiðunum og sjá hvernig þróunin verður til lengri tíma. Ef hætt yrði alfarið með næturalakstur myndi kostnaður minnka um u.þ.b. **48 m.kr.** á ári.

Byrja akstur seinna á sunnudögum


Einn möguleikinn sem var óskað eftir að yrði skoðaður er að byrja akstur aftur seinna á sunnudögum eins og var fyrir leiðakerfisbreytinguna í janúar 2015. Við mælum ekki með því að þetta verði gert þar sem töluverð notkun er á vögnunum á morgnana og notkunin vex jafnt og þétt fram til kl. 17 og fer svo stíglækkandi aftur fram á kvöld (sjá graf). Þó svo að heldur færri innstig eru í vagnana milli kl. 9 og 10 heldur en kl. 10 og 11 á sunnudagsmorgnum, þá hefst akstur ekki fyrr en milli 9:30 – 10, þannig að í raun eru mjög margir sem nýta sér vagnana á þessum hálf tíma á sunnudagsmorgnum. Þá eru tæplega 2.100 innstig í vagnana að meðaltali fram til hádegis á sunnudögum. Einnig má búast við því að þessi breyting myndi hafa mjög neikvæð áhrif á farþegana þar sem mikið var kvartað yfir því fyrir breytinguna árið 2015 hvað akstur hæfist seint á sunnudagsmorgnum.



Fjöldi innstiga skipt á tíma dags á sunnudögum

Stytta leið 14

Lagt er til að stytta leið 14, þannig að hún aki Hverfisgötu milli Lækjartorgs og Hlemms í stað þess að aka Snorrabraut, Gömlu Hringbraut, Hringbraut framhjá Háskóla Íslands og meðfram tjörninni að Lækjartorgi.



Leið 14 í dag

Tillaga að breyttri akstursleið leiðar 14

Í dag eru um 11% innstiga leiðar 14 á stoppistöðvum sem myndu detta alveg út hjá leið 14 skv. tillögunni. Það er þó ekki þannig að farþegar missi tengingu við þessar stoppistöðvar því auðvelt er að skipta í aðrar leiðir sem aka þangað, t.d. á Hlemmi. Þess má geta að um 11% innstiga á leið 14 eru við stoppistöðvarnar við Laugardalslaug, um 5% við Verzló og 15% á Hlemmi. Eitt af markmiðunum við breytingarnar er að leið 14 haldi betur tímaáætlun en hún gerir í dag. Hægt er að lesa nánar um tillöguna í sérstöku minnisblaði sem fjallar um tillöguna.

Þessi stytting á leið 14 myndi spara um **40 m.kr. á ári**.



Samantekt

Tillaga	Kostnaðar- minnkun á ári	Hvenær væri hægt að innleiða
Sumartíðni		
Leiðir 18, 24 og 28 fari á minni tíðni yfir sumarið	47 m.kr.	Sumarið 2019
Allar leiðir fari aftur á minni tíðni um sumarið	145 m.kr.	Sumarið 2019
Akstur til kl. 1		
Hætta akstri einum hring fyrir á sunnudagskvöldum skv. töflu	10,5 m.kr.	Í fyrsta lagi í feb/mars 2019
Leið 2 hætti akstri einum hring fyrir öll kvöld	7 m.kr.	Í fyrsta lagi í feb/mars 2019
Leiðir 2 og 15 hætta akstri einum hring fyrir öll kvöld	15 m.kr.	Í fyrsta lagi í feb/mars 2019
Leið 2 hætti akstri einum hring fyrir öll kvöld + allar leiðir hætta akstri einum hring fyrir á sunnudagskvöldum	16,5 m.kr.	Í fyrsta lagi í feb/mars 2019
Næturakstur		
Hætta akstri næturléiðar 111 og breyta leiðum 101 og 106	3-4 m.kr.	Samhliða lokun Gömlu Hringbrautar
Hætta akstri næturléiða 102 og 111 og breyta leiðum 101 og 106	7 m.kr.	Í fyrsta lagi í feb/mars 2019
Hætta alfarið með næturakstur	48 m.kr.	Ekki mælt með
Sunnudagsmorgnar		
Hefja akstur seinna á sunnudögum á öllum leiðum	Ekki mælt með	Ekki mælt með
Stytta leið 14		
Stytta leið 14, aki Hverfisgötu í stað Snorrabrautar og Gömlu Hringbrautar	40 m.kr.	Samhliða lokun Gömlu Hringbrautar

Tillögur að hagræðingu

Til þess að koma til móts við þessar 95 m.kr. sem óskað er eftir að verði hagrætt í leiðakerfinu þá leggjum við til að eftirfarandi tillögur verði fyrir valinu þar sem þær myndu að okkar mati lágmarka neikvæð áhrif á farþega:

1. Stytta leið 14 (40 m.kr. á ári)
2. Hætta akstri á sunnudagskvöldum einum hring fyrir en gert er í dag (sjá töflu að ofan) (10,5 m.kr. á ári)
3. Hætta akstri næturléiðar 111 og breyta leiðum 101 og 106 (3-4 m.kr. á ári)
4. Leiðir 18, 24 og 28 verði settar aftur á sumarátætlun (47 m.kr. á ári)

Síst er mælt með breytingu nr. 4 vegna neikvæðra áhrifa á farþega og aukinnar vinnu innanhúss hjá Strætó sem fælist í breytingunni.



Þessar aðgerðir ættu samtals að gefa um **100 m.kr.** í sparnað á ári. Breytingar nr. 2 og 3 þurfa lengri tíma til undirbúnings en hinar og geta því ekki tekið gildi fyrr en í febrúar/mars 2019 í fyrsta lagi sem þýðir að sparnaðurinn vegna þeirra yrði hlutfallslega minni sem því svarar árið 2019.